# Uppsöfnuð fjárfestingaþörf innviða

13. janúar 2016

Bjarni Már Gylfason

Hagfræðingur SI

# Hvað eru innviðir?

- Félagslegir innviðir
  - *(e. Social infrastucutre*), t.d. Skólar og sjúkrahús
- Hagrænir innviðir
  - (*e. Economic infrastructure*), t.d. vegir og veitukerfi
- Hönnun og uppbygging helstu innviða hefur mikil áhrif á hagþróun.
- Lífskjör og velmegun er þannig nátengd innviðum - Samkeppnishæfni Íslands oft verið tengd við trausta innviði

# Hversu mikið er framlag innviða á hagkerfið?

- Lykilspurning sem ætti að móta stefnu og ákvarðanir
- Uppbygging innviða hefur í grunninn tvíþætt áhrif:
  - Bein skammtímaáhrif – aukin umsvif samhliða framkvæmdum
  - Óbein langtímaáhrif – aukin framleiðni framleiðsluþátta (fólks og fjármagns)
- Innviðafjárfestingar styðja við allar aðrar fjárfestingar og uppbyggingu - skortur á innviðum takmarkar gjarnan aðrar fjárfestingar.
  - Innviðaflöskuhálsar
- Á sama hátt er enginn virðisauki af offjárfestingu í innviðum
  - Dýrkeypt að byggja upp „óþarfa“ innviði.

# Helstu efnahagslegu innviðirnir

- Heilt yfir eru helstu innviðir á Íslandi sterkir
- Víða blikur á lofti vegna fjárfestingaleysis síðustu 7 árin



- Sögulegt meðaltal fjárfestinga af landsframleiðslu er um 24%
- Síðustu 7 árin hefur fjárfestingastigið verið frá 12-16% af landsframleiðslu en þokast nú nærri 18%
- Fjárfestingastigið er ennþá of lágt, sérstaklega þegar kemur að opinberum fjárfestingum
- Fyrir unga þjóð eins og Ísland þarf fjárfestingastigið vera yfir 20% af landsframleiðslu til að tryggja eðlilegan vöxt í framleiðslugetu

## Fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu 1997-2015




Heimild: Hagstofa Íslands

# Ef miðað er við að langtíma fjárfestingaþörf samfélagsins er 20% af landsframleiðslu – hvað vantar þá upp á síðan eftir hrun?




Heimild: Hagstofa Íslands / áætlun SI

# Það vantar **115** m.a. opinbera fjárfestingu og **220** m.a. íbúðafjárfestingu




Heimild: Hagstofa Íslands / áætlun SI

# Afleiðingar fjárfestingaleysis




Þegar afskriftir vaxa hraðar en fjárfestingar minnkar fjármunaeign okkar, þ.m.t. innviðirnir

- Sögulega hefur opinber fjárfesting verið á bilinu 4-5% af landsframleiðslu

- Síðustu 7 árin hefur fjárfestingastigið verið á bilinu 2-3%.

- Það vantar því 1-2% af landsframleiðslu á hverju ári upp í eðlilega innviðafjárfestingu:

- Skoðum dæmi:

## Opinber fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu 1997-2015



# Skoðum vegafjárfestingar sérstaklega

- Vegafjárfestingar eru líklega dýrustu innviðirnir

- Slíkar fjárfestingar hafa því miður sveiflast með hagsveiflunni og haldist í hendur við tekjur hins opinbera.

- Vegafjárfestingar hins opinbera hafa heilt yfir farið minnkandi, sérstaklega sem hlutfall af landsframleiðslu

- Skoðum dæmi:



# Mikil þörf á vegafjárfestingum

- Sögulega hafa opinberar fjárfestingar í vegakerfinu verið á bilinu 1,5-2% af landsframleiðslu.
- Síðan 2009 hefur hlutfallið verið undir 1%.
- Á sama tíma hefur umferð aukist mikið, ekki síst með auknum ferðamannastraumi.
- Árlega vantar því a.m.k. Sem nemur 0,5% af landsframleiðslu í vegafjárfestingar
- Frá árinu 2009 nemur það um 60 milljörðum eða um 8,5 milljörðum árlega



# Samandregið

- Fjárfestingar hafa verið litlar síðustu 7 árin, fjárfestingarumhverfið erfitt og fjárhagur hins opinbera bágborinn. Ýmsar skiljanlegar ástæður fyrir lágu fjárfestingustigi, t.d. einhver offjárfesting í aðdraganda kreppunnar.

- Ekki horfur að óbreyttu á að innviðafjárfestingar vaxi m.v. áætlanir um opinber fjármál – þörf á fjölbreyttari möguleikum í fjármögnun fjárfestinga í innviðum.

- Gróflega má ætla að uppsöfnuð fjárfestignaþörf í fjárfestingaleysi síðustu ára sé 500 milljarðar
  - 115 ma Í opinbera fjárfestingu, þar af um 60 ma í vegakerfinu
  - 220 ma í íbúðafjárfestingu – er að vaxa nokkuð
  - 160 ma í atvinnuvegafjárfestingu – er að vaxa kröftuglega

- Samkeppnishæfni Íslands er í húfi